

Útvistunarstefna

1.gr. Markmið

Stefnan er sett með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1/2025 um útvistun og leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Markmið stefnunnar er að tryggja faglegt, gagnsætt og samræmt verklag við útvistun verkefna og styrkja eftirlit með framkvæmd þeirra. Stefnan gildir um öll verkefni sjóðsins sem útvistað er til þriðja aðila.

2.gr. Skilgreiningar

Í stefnu þessari hafa hugtök þá merkingu sem hér segir:

Útvistun: Fyrirkomulag þar sem þjónustuveitandi tekur að sér verkefni eða þjónustu sem almennt fellur innan verksviðs sjóðsins.

Þjónustuveitandi: Aðili sem veitir þjónustu, aðstöðu eða sinnir verkefnum fyrir hönd sjóðsins.

Mikilvæg verkefni:

- Lykilstarfssvið sjóðsins, t.a.m. eigna- og áhættustýring, innri endurskoðun, regluvarsla og starfssvið tryggingastærðfræðings.
- Verkefni sem eru nauðsynleg til að tryggja rekstrarsamfellu og/eða uppfylla lagalegar skyldur.
- Starfsemi sem krefst starfsleyfis.
- Verkefni sem hafa veruleg áhrif á m.a. áhættustýringu eða fjárhagslega afkomu sjóðsins.

Keðjuútvistun: Þegar þjónustuveitandi útvistar verkefni, í heild eða að hluta, til þriðja aðila.

Frávik: Ófyrirséð atvik sem hefur eða getur haft áhrif á framkvæmd útvistaðs verkefnis.

Alvarlegt frávik: Ófyrirséð atvik sem hefur eða getur haft áhrif á starfsemi sjóðsins þannig að það ógni rekstrarsamfellu eða hindri hann að uppfylla lagalegar skyldur.

Útgönguáætlun: Skrifleg áætlun um viðbrögð við aðstæðum sem geta komið í veg fyrir að útvistuðu verkefni sé sinnt með fullnægjandi hætti.

3.gr. Ábyrgð og framkvæmd

Hagkvæmt getur verið að fela þjónustuveitanda framkvæmd einstakra verkefna þegar þekking er ekki til staðar innan sjóðsins og óhagkvæmt er að byggja hana upp eða tímabundið álag kallar á aukinn mannafla.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða mikilvægu verkefnum eru útvistað en framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um útvistun annarra verkefna. Ábyrgð stjórnar á starfsemi sjóðsins helst óskert þrátt fyrir útvistun.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og skal halda skrá yfir verkefni sem útvistað er. Verkefnum er útvistað til aðila sem búa yfir nægilegri þekkingu, getu og hæfni til að taka að sér slík verkefni en jafnframt er horft til viðeigandi tilmæla fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands ef við á. Ákvarðanir um útvistun verkefna skulu byggðar á viðskiptalegum forsendum en ekki á stjórnunartengslum eða öðrum hagsmunatengslum.

4.gr. Áhætta við útvistun

Áður en ákvörðun er tekin um útvistun skal meta áhrif hennar á helstu áhættuþætti og tryggja að áhætta sé innan þeirra marka sem stjórn hefur ákveðið í áhættu- og áhættustýringarstefnu sjóðsins.

Helstu áhættuþættir eru:

- Minnkuð yfirsýn og stjórn á verkefnum.
- Mótaðilaáhætta (t.d. vanefndir, skortur á hæfni, slæm fjárhagsaðstaða, brot á trúnaði eða sviksemi).
- Erfiðara eftirlit með framkvæmd verkefna.
- Ófullnægjandi vanefndaákvæði í samningum.
- Truflun á rekstrarsamfelli við lok útvistunar.

Áhættu er einkum stýrt með:

- Fyrirbyggjandi aðgerðum með því að greina þau verkefni sem ekki má útvista eins og stefnumótun, gerð áhættustefnu og eftirlitshlutverki stjórnar.
- Mildun áhættu sem felur í sér að draga úr einstökum áhættuþáttum eins og kostur er, með því að vanda val á þjónustuveitanda og samningagerð.
- Eftirliti með áhættu með því að skilgreina umfang áhættu, setja mælikvarða og tryggja virkt eftirlit.

5.gr. Útvistun verkefna

Samningur skal vera skriflegur og innihalda eftirfarandi atriði eftir því sem við á:

- Lýsing á verkefni og mælanlegum árangursviðmiðum.
- Réttindi og skyldur aðila.
- Ábyrgð, aðgangur að gögnum og eignarhald gagna.
- Gildistími samnings, greiðslufyrirkomulag og tengiliðir.
- Upplýsingagjöf, gagnaöryggi og persónuvernd.
- Tilkynningarskylda um frávik og breytingar.
- Úrræði við vanefndir, uppsögn og riftun.
- Ákvæði um eftirlit, þagnarskyldu og tryggingar.
- Heimild til keðjuútvistunar og skilyrði hennar.
- Endurskoðun samnings (minnst á tveggja ára fresti fyrir mikilvæg verkefni).
- Útgönguáætlun fyrir mikilvæg verkefni.
- Uppfylling tilmæla fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1/2025.

6.gr. Eftirlit með útvistunarsamningum

Stjórn hefur eftirlit með að útvistuð verkefni séu í samræmi við samninga. Ef frammistaða þjónustuveitanda er ófullnægjandi og ekki í samræmi við samning skal krefjast úrbóta eða riftunar samnings.

7.gr. Gildistaka og birting

Stefnan tekur gildi við samþykki stjórnar og er birt á vefsíðu sjóðsins. Stefnan er endurskoðuð eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Samþykkt á stjórnarfundum Brúar lífeyrissjóðs 24. nóvember 2025.